

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Ólafsfirði.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hunda í Ólafsfirði á árinu 1989 skal vera kr. 4 800 fyrir hvern hund, sbr. 2. gr. staflíð e í samþykkt um hundahald í Ólafsfirði, nr. 81/1988.

2. gr.

Handsömunargjald skv. e staflíð 2. gr., sbr. og 4. gr. samþykktar nr. 81/1988, skal vera 4 800.

3. gr.

Hreinsunargjald fyrir hunda á lögbýlum skal vera kr. 2 400 fyrir fyrsta hund, en kr. 1 200 fyrir hunda umfram það.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af bæjarstjórn Ólafsfjarðarbæjar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sbr. og lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. október 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Garðabæ.

Samkvæmt heimild í a-lið 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnarinnar í Garðabæ hefur eftirfarandi verið ákveðið.

Bannað er að leggja bifreiðum við eftirtalдар götur og gildir stöðubannið beggja megin gatnanna:

Bæjarbraut frá Vífilsstaðavegi að Arnarnesvegi.

Karlabraut frá Vífilsstaðavegi að Bæjarbraut.

Engimýri.

Fífumýri.

Efri-Búðir frá Karlabraut að Ásbúð og Holtsbúð.

Neðri-Búðir frá Hnoðraholtsbraut að Ásbúð.

Bæjarfógetinn í Garðabæ, 24. október 1989.

Már Pétursson.